

Fundur Skólaráðs 27. feb. 2013 kl. 15:30.

Fundur settur kl. 15:30 í stofu 306,.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir:

Frá skólaráði:

Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri,

Helga Guðjónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Erla Edvardsdóttir varafulltrúi kennara og Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara

Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins, Hreiðar Örn Zöega Stefánsson fulltrúi foreldra og Ólína Margeirsdóttir

Forföll boðuðu:

Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara og situr Erla Edvardsdóttir kennari fyrir hennar, Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins og Aníta Rut Ólafsdóttir formaður nemendaráðs. Andri Freyr Jónasson fulltrúi nemanda mætti ekki

Dagskrá fundar:

Skóladagatal 2014-2015

Samþykkt.

Uppbygging skólamannvirkja í Mosfellsbæ – staða málsins.

Samþykkt var í bæjarstjórn í gær að stofna útibú frá skólanum við Æðarberg frá og með næsta hausti, sjá samþykkt bæjarstjórnar og bókanir hér fyrir aftan fundargerð.

Skólaráð lætur bóka að það sé gott að það sé komin niðurstaða í þessi mál svo að hægt sé að fara að vinna að næsta skólaári.

Önnur mál

Þemadagar verða í skólanum 11.-13. mars og síðasta dagurinn er árshátíða dagur hjá elsta stigi þar sem Lion King söngleikurinn verður frumsýndur.

Vikan 10.-14. mars er foreldravika og opið hús fyrstu 2 tímuna á fös. 14.mars.

Spurt var hvort fulltrúar foreldra í skólaráði létu foreldra í foreldrafélaginu vita áður en þeir funduðu og svaraði Hreiðar því að svo væri ekki þar sem foreldrar í skólaráði væru ekki undir foreldrafélaginu. Þessir tveir aðilar væru að sinna ólíkum hlutverkum. Einu tengslin væru að fulltrúar í skólaráði voru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins.

Elísabet benti á að kynna þyrfti betur fyrir foreldrum niðurstöður í foreldrakönnunum og úrbótaáætlun sem væri unnin úr þeim gögnum. Kannanir eru á heimsíðu en það eitt og sér er ekki nóg þar sem upplifun sumra foreldra væru á þá leið að ekkert væri gert með niðurstöður úr þeim.
<http://www.lagafellsskoli.is/upplýsingar/kannanir/>

Öryggi, aðbúnaður, og almenn velferð nemenda.

Gengið um skólann og skoðað hvort úrbóta er þörf (sbr. hlutverk skólaráðs).

Fundarritari
Ásta Steina

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar - 621

**Haldinn í Þverholti 2. hæð Helgafell,
26.2.2014 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu: Karl Tómasson, Hafsteinn Pálsson (HP), Kolbrún G Þorsteinsdóttir (KGP), Bryndís Haraldsdóttir (BH), Haraldur Sverrisson (HSv), Jón Jósef Bjarnason (JJB), Jónas Sigurðsson (JS) og Stefán Ómar Jónsson (SÓJ)

Fundargerð ritaði: Stefán Ómar Jónsson

3.1. 201301573 - Uppbygging skólamannvirkja og skólahverfi í Mosfellsbæ

Fyrir fundinum liggur samantekt um uppbyggingu skólamannvirkja, aðdragandi og forsendur.

Niðurstaða 291. fundar Fræðslunefndar Mosfellsbæjar

Lögð fram gögn frá foreldrafélagi Lágafellsskóla, fulltrúafundi foreldrafélaga allra leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ og fulltrúaráði Huldu- og Höfðabergs, auk samantektar um uppbyggingar skólamannvirkja í Mosfellsbæ.

Eftirfarandi greinargerð og bókun var lögð fram:

Lögð er fram samantekt um uppbyggingu skólamannvirkja í Mosfellsbæ á næstu árum. Samantektin fjallar um það samráðsferli sem farið hefur fram á vegum fræðslunefndar frá því fræðslunefnd samþykkti þann 12. febrúar 2013 að hefja byggingu skóla á vestursvæði og í Helgafellslandi. Samantektin er aðgengileg á heimasíðu bæjarins.

Fræðslunefnd hefur frá þeim tíma staðið fyrir tveimur skólabyggingum, samantekt er í smíðum þar sem tekin hafa verið saman sjónarmið nemenda á aldrinum 2ja til 18 ára hvað varðar einkenni góðs skóla. Öll þessi gögn munu gagnast við þarfagreiningu vegna byggingar skólabygginga sem í vændum eru í Mosfellsbæ á næstu árum. Undanfarið misseri hefur sjónum verið beint að staðsetningu skóla og úrlausn varðandi skólahúsnæði Lágafellsskóla og Varmárskóla sem kemur til af fjölgun nemenda nú þegar og í framtíðinni. Allar þær samræður, samráð og samtal sem átt hefur sér stað í þessu ferli við skólasamfélagið á þingum og fundum skipta miklu fyrir ákvarðanatöku sveitarfélagsins og leiða að vonum til betri ákvarðana sem ríkir meiri sátt um.

Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju með þetta ferli og vonast til að áframhaldandi samráð leiði til enn frekari ávinnings fyrir börn og nemendur í Mosfellsbæ í formi betri og þróaðri skólabygginga.

Niðurstöður sem nú liggja fyrir beinast að ákvarðanatöku um skólahúsnæði til lengri og skemmri tíma.

Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að byggðar verði tvær nýjar færanlegar kennslustofur og þær settar upp á skólalóð Varmárskóla til að koma til móts við fjölgun nemenda í skólanum á næstu tveimur árum. Í fyrri áætlunum hefur komið fram að hugsanlega þyrfti að fjölga stofum á árinu 2015 og er þessari viðbót þá flýtt um ár.

Fræðslunefnd leggur til að kannaðir verði möguleikar á að stækka Krikaskóla. Í því ferli verði jafnframt könnuð áhrif þess á tímasetningar á byggingu Helgafellsskóla.

Fræðslunefnd leggur til að hafin verði bygging nýs skólahúsnæðis við Æðarhöfða á svæði því sem stendur nærri Höfðabergi í samræmi við samantekt sem lögð var fram á fundinum. Skólanum er ætlað að vera skólahúsnæði fyrir grunnskólanemendur en geti nýst sem leikskóli í framtíðinni. Stefnt er að því að skólahúsnæði þetta nýtist fyrir leikskóladeild fyrir 5 ára börn og 1. og 2. bekk grunnskóla næstu árin.

Loks er lagt til að í samræmi við framlagða samantekt verði fimm færnanlegar skólastofur á skólalóð Lágafellsskóla færðar og settar við hlið stofanna sem nú mynda Höfðaberg og verða nýttar fyrir hina nýju skóladeild þar til haustið 2016.

Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn Mosfellsbæjar að hafinn verði undirbúningur að nýjum skóla sem rísa á í Helgafellslandi í samræmi við samantekt sem lögð var fram á fundinum.

Undirbúningurinn skuli taka mið af uppbyggingu og fjölgun íbúa í Helgafellslandi næstu misserin.

Jafnframt verði skoðaður enn frekar sá möguleiki að miðskóli rísi við Sunnukrika og taki skoðunin mið af skipulagslegum, fjárhagslegum og faglegum forsendum.

Samþykkt með fjórum atkvæðum.

Bókun fulltrúa S-lista og M-lista:

Fulltrúi Samfylkingar situr hjá við afgreiðslu tillagna meirihluta fræðslunefndar um uppbyggingu skólamannvirkja í bænum. Þær bráðabirgðalausnir sem meirihlutinn hyggst grípa til ætti að vinna í nánara samráði við foreldrasamfélagið en eins og fram hefur komið í máli ýmissa umsagnaraðila og birtist glögg á ályktun fulltrúafundar foreldrafélaga allra leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ sem lögð var fram á fundi fræðslunefndar í dag, þá hefur verulega skort á samráð og samtal í þessu ferli sem einnig fór allt of seint af stað og er of skammt á veg komið.

Framtíðarsýn á uppbyggingu skólamannvirkja í Mosfellsbæ er hvorki fugl né fiskur og leggur fulltrúi Samfylkingarinnar og fulltrúi Íbúahreyfingar áherslu á að sú lausn að reisa varanlegt skólahúsnæði miðsvæðis í bænum verði skoðuð mjög ítarlega og í góðu samráði við foreldrafélögin sem fyrsta skref til framtíðarlausnar. Skólabygging á því svæði gæti tappað að yfirfullum skólum í bænum og síðan þróast til framtíðar í takti við þarfir bæjarins m.a. þar til tímabært verður að byggja varanlegt skólahúsnæði í nýbyggingahverfum bæjarins.

Bókun meirihluta fræðslunefndar:

Meirihluti fræðslunefndar ítrekar eins og fram kemur í samþykkt meirihlutans á fræðslunefndarfundinum, þá hefur átt sér stað víðtækt samráð við foreldrafélög, skólaráð, skólastjórnendur og starfsmenn í heilt ár. Eins og fram kemur í fyrri bókun voru haldin tvö skólaþing þar sem allir bæjarbúar gátu haft aðkomu. Auk þess var ábendingakerfi komið upp á heimasíðu bæjarins þar sem allir bæjarbúar gátu sagt skoðanir sínar varðandi þessa stefnumótun og komið athugasemdum sínum á framfæri. Meirihluta fræðslunefndar er það til efs að nokkurt sveitarfélag hafi viðhaft slíkt samráð í málum sem þessum.

Tillögur meirihlutans byggjast á því að finna framtíðarlausnir fyrir skólastarf í bæjarfélaginu. Það geta seint talist bráðabirgðalausnir að hefja hönnun og byggingu á nýju skólahúsnæði.

Afgreiðsla þessa fundar:

Afgreiðsla 291. fundar fræðslunefndar **samþykkt** á 621. fundi bæjarstjórnar með fimm atkvæðum gegn einu atkvæði bæjarfulltrúa Íbúahreyfingarinnar sem lætur bóka að það sé hans mat að tillaga fræðslunefndar sé ótæk til atkvæðagreiðslu í bæjarstjórn þar sem samstarfsferli er ábótavant skv. 20. grein grunnskólalaga, og bæjarfulltrúi Samfylkingar situr hjá við afgreiðslu málsins og vísar til bókunar sinnar hér að neðan og sérstaklega hvað varðar að samráðsferlinu sé ekki lokið.

Bókun D- og V lista

Samráðsferli um uppbyggingu skólamannvirkja í Mosfellsbæ hefur nú staðið yfir í heilt ár. Í mars 2013 voru fundir haldnir með foreldrum á vestursvæði þar sem ýmsar leiðir voru ræddir og í framhaldi gerð könnun meðal foreldra. Í maí var vel sótt skólaþing sem bar yfirskriftina "Stefnumót við framtíðina". Í framhaldinu var unnin skýrsla af sérfræðingum um uppbyggingu skólamannvirkja í bænum. Þessi skýrsla var rædd í fræðslunefnd og síðan birt á heimasíðu bæjarins og óskað eftir ábendingum frá bæjarbúum. Að þessu loknu var haldið annað skólaþing þar sem þessi skýrsla var rædd og hún krufin. Í janúar á þessu ári voru lagðar fram tillögur í fræðslunefnd sem kynntar voru meðal allra foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða bæjarins. Í þessu ferli tóku þessar tillögur breytingum í samræmi við óskir foreldra og skólasamfélagsins.

Til að skýra enn frekar það sem lagt er til er rétt að taka fram eftirfarandi:

-Foreldrafélag og foreldraráð Huldubergs ásamt skólaráði Lágafellsskóla hafa lýst yfir stuðningi með fram komnar tillögur á vestursvæði eftir miklar umræður um að stofna útibú frá Lágafellsskóla fyrir 5, 6 og 7 ára börn við Æðarhöfða og byggja þar nýtt skólahús.

-Hægt var að fara að óskum margra á austursvæði þar sem fallið hefur verið frá framkomnum hugmyndum um nýtingu Brúarlands.

-Ákveðið hefur verið að fara vel og faglega yfir sviðsmynd um skóla á miðbæjarsvæði eða við Sunnukrika.

-Skóli í Helgafellslandi verður ekki byggður fyrr en að aflokinni skoðun um miðbæjarskóla. Farið hefur verið að ósk foreldra um að þar flýti menn sér hægt.

Hér er um tímamóta samráðsferli að ræða sem á margan hátt hefur tekist vel þó í ljós hafi komið hnökror sem draga má lærdóm af. Niðurstaða ferlisins er sú að fengist hefur lausn sem er bæði faglega góð og farsæl fyrir skólasamfélagið í Mosfellsbæ ásamt því að komið hefur verið til móts við sjónarmið fólks.

Bókun 5- lista Samfylkingar vegna uppbyggingu skólamannvirkja.

Ég tek undir bókun Samfylkingar og Íbúahreyfingarinnar í fræðslunefnd.

Það er ljóst að ráðaleysi meirihlutans í húsnæðismálum grunn- og leikskóla bæjarins er algjört og er samþykkt fræðslunefndar enn eitt merkið um það. Samþykktin er það opin og það í báða enda, að í raun felur hún ekki í sér neina stefnumörkun til framtíðar heldur fyrst og fremst færslur á færanlegum kennslustofum fram og til baka með því rötleysi sem það hefur í för með sér fyrir börnin. Sú kynning sem fram hefur farið til skólasamfélagsins og kölluð hefur verið samráð er ágæt svo langt sem hún nær. Að tekið hafi verið tillit til athugasemda, ábendinga og tillagna skólasamfélagsins hefur hins vegar verið af skornum skammti sem og samræður þessara aðila við þá sem síðan taka ákvarðanirnar þ.e. kjörna fulltrúa. Þó má sjá af bókun fræðslunefndar að fallið er frá að sinni að nota Brúarland undir skólastarf Varmárskóla í kjölfar mikillar andstöðu við þá ráðstöfun hvað svo sem seinna verður.

Af þeim gögnum sem fram hafa komið frá skólasamfélaginu má sjá, að kallað er eftir raunverulegu samráði og samstarfi þessara aðila við bæjaryfirvöld og að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra. Sumir aðilar kvarta einnig yfir því að við þá hafi ekki verið talað. Þeirri kröfu, sem fram hefur komið í sameiginlegri ályktun fulltrúafundar foreldrafélaga leik- og grunnskólabarna, að af alvöru sé skoðaður sá kostur að byggja nýjan skóla á miðsvæðis í bænum sem fyrsta skref í að leysa húsnæðisvanda skólanna með varanlegum hætti, og þar með að fresta byggingu skóla í Helgafellshverfi þar til slík framkvæmd er tímabær, hefur ekki verið svarað af neinni alvöru. Bara að það skuli skoða málið. Fyrirætlanir um byggingu á nýjum skóla? við Æðarhöfða og fyrirkomulag starfseminnar þar er heldur ekki lausn til frambúðar hvað varðar staðsetningu m.a. út frá skipulagslegum forsendum íbúðabygðar. Þar er um enn eina skammtímaráðstöfunina að ræða.

Það er einnig ámælisvert hvernig kjörnum fulltrúum hefur verið haldið utan við þá fundi sem haldnir hafa verið af skólaskrifstofu með fulltrúum skólasamfélagsins sem, að því sem heyrst hefur, hafa haft þann tilgang, af hálfu meirihlutans, að freista þess að samfæra viðkomandi aðila um ágæti þeirra ráðstafana sem meirihlutinn lagði upp með í byrjun árs 2013. Ég hvet því til þess að bæjaryfirvöld hefji alvöru samstarf og samráð við skólasamfélagið um framtíðarlausnir og varanlegar lausnir í uppbyggingu skólamannvirkja leik- og grunnskóla.

Jónas Sigurðsson.

Á síðasta bæjarstjórnarfundi urðu mér á þau mistök að nefna Lágafellsskóla í stað Leirvogstunguskóla þar sem mótmælt var að skólastjórnendur hafi ekki leyft kennurum að skrifa sig á undirskriftarlista.

Ég bið stjórnendur Lágafellsskóla og bæjarstjórn afsökunar á þessum mistökum.

Jón Jósef Bjarnason.